



**Markaðsstofa Suðurlands**

## Fundargerð

2. stjórnarfundur stjórnar Markaðsstofu Suðurlands var haldinn kl. 10:00 þriðjudaginn 12. júní 2017. Fundurinn var að þessu sinni símafundur.

Fundinn sátu:

Dagný H. Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands  
Bjarni Freyr Báruson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands  
Björg Árnadóttir, fulltrúi Visit South Iceland ehf.  
Sigurlaug Gissuradóttir, fulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu  
Gunnar Þorgeirsson, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga  
Sólrún Helga Guðmundsdóttir, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga  
Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands

Forföll boðaði:

Elfa Dögg Þórðardóttir, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ragnhildur Sveinbjarnardóttir.

### Dagskrá:

- Verkefni síðastliðins mánaðar
- Verkefni framundan
- Önnur mál

### [Verkefni síðastliðins mánaðar](#)

#### **MAS samstarf (Markaðsstofur landshlutanna)**

- Fundur forstöðumanna MAS var haldinn á Ísafirði í maí. Farið var ítarlega yfir stöðu á stefnumótunarsvinnunni fyrir MAS.
- Í næstu vegferð Íslandsstofu við kynningu á landinu verður aukinni athygli beint að landsbyggðinni, markaðsstofurnar munu vinna þétt með Íslandsstofu við hana. Einnig verður unnið markvisst með Íslandsstofu að gera landsvæðin sýnilegri í öllu kynningarefni Íslandsstofu.
- MAS átti fund með ráðherra ferðamála í maí þar sem Markaðsstofur landshlutanna voru kynntar auk þess að fylgt var á eftir fyrri erindum um aukið fjármagn til markaðsstofanna. Fundurinn gekk vel og var ráðherra bjartsýnn á að geta eflt markaðsstofurnar.

## Kjarnaveituverkefni

Töluverð vinna felst í þessu verkefni og í maí voru haldnar voru fundaraðir á Suðurlandi og Austurlandi þar sem samtal var átt við starfsfólk í upplýsingaveitu til að fá upplýsingar inn í verkefnið. Einnig var haldinn samþættingarfundur með öllum verkefnastjórum í kjarnaveitunum og fleira. Ferðamálastofa stóð fyrir **málþingi um upplýsingamiðlun** í byrjun júní þar sem flutt voru nokkur erindi sem snerta málaflokkinn og svo var gestum skipt upp í vinnustofur um ólíka þætti sem vinnuhópar kjarnaveita eru að vinna að. Þar á meðal var vinnustofa um öryggismál en Markaðsstofa Suðurlands tilheyrir þeim vinnuhóp. Á dagskrá var m.a. áhugavert erindi frá Írlandi þar sem farið var yfir hvernig þeir vinna að upplýsingagjöf til ferðamanna (fyrir ferð og meðan á ferð stendur) ásamt greiningum á „kaupferli“ ferðamanna á upplýsingum.

## Áfangastaðaáætlanir DMP

Verkefnastjórar eru sjálfstæðir í vinnu að verkefninu en framkvæmdastjóri fylgist með framvindu þess ásamt því að sinna ákveðinni umsýslu. Í maí hefur m.a. verið gagnadagur með Ferðamálastofu og fundur með ráðgjafanum Tom Buncle.

Verkefnastjórar koma inn á fyrsta fund stjórnar í haust til að kynna framgang verkefnis. Stjórnarmeðlimir MSS sitja í svæðisráð áfangastaðaáætlana DMP á Suðurlandi.

## Útgáfa og miðlar

Stöðugt er verið að sinna blaðamannafyrirspurnum, samfélagsmiðlum, heimasíðu og fréttabréfi. Þó hefur Markaðsstofan haft þá stefnu að minnka verulega stuðning við blaðamannafyrirspurnir á sumrin en þó er fyrirspurnum sem koma beint frá Íslandsstofu sinnt.

Vinna að útgáfu korta hefur verið tímafrek í vor og er undirbúningur fyrir útgáfu landshlutabæklings hafinn.

## SASS verkefni

- Áframhaldandi vinna er í föstum verkefnum, teyllum og ráðgjafahóp ásamt þátttöku í ýmsum öðrum verkefnum, svo sem áhersluverkefni í teyllum, ráðstefnur og fleira.
- Verkefni **um samræmingu korta** á Suðurlandi er á lokametrunum og fer fyrsta kortið í prentun fljótlega. Auglýsingar koma væntanlega til með að standa undir prentkostnaði við heildarkortið af Suðurlandi sem Markaðsstofan gefur út.
- Verið er að undirbúa fundi með helstu hagsmunaaðilum í tengslum við **verkefnið Sunnlenskar vörur** ásamt því að vinna áfram að framgangi þess.

## Námskeið

Námskeið í tengslum við markaðsgreiningu voru haldin fyrir ferðaþjónustuaðila í Vík og á Höfn. Gengu þau mjög vel og var mikill áhugi hjá þeim sem mættu. Nokkrir nýir aðilar hafa gengið til liðs við Markaðsstofuna í kjölfarið.

## Samstarfshópur um ferðamál

Fundur var haldinn í samstarfshóp um ferðamál í maí þar sem farið var yfir stöðuna á hverju svæði. Auk þess að rætt var um hvað er á dagskránni hjá MSS ásamt mögulegum sameiginlegum verkefnum. Markaðsstofan fékk styrk frá Ferðamálastofu til að halda utan um þetta samstarf og til að móta og undirbúa ný verkefni á vegum hópsins.

## Kynningarferð

Markaðsstofan stóð fyrir kynningarferð (FAM) fyrir íslenskar ferðaskrifstofur og starfsmenn upplýsingamiðstöðva í byrjun júní líkt og undanfarin ár. Þorsteinn og Ragnhildur sáu um undirbúning

og framkvæmd ferðarinnar. Áhersla var á að kynna það sem er nýtt á Suðurlandi og var úr fjölmörgum möguleikum að velja og eins og svo oft áður þá var ekki hægt að koma öllum inn í dagskrá. Farið var frá Reykjavík og var fyrsti áfangastaður The LAVA Tunnel (Raufarhólshellir) í Ölfusi þar sem verið var að opna eftir framkvæmdir. Þar á eftir var Konubókastofa heimsótt á Eyrarbakka og þaðan haldið í Hveragerði þar sem hádegisverður var snæddur í Skyrgerðinni og steinasafnið Ljósbrá heimsótt. Vinnustofa þar sem aðildarfyrirtækjum bauðst tækifæri á að hitta hópinn var haldin á Stracta hótél Hellu og mættu nokkur fyrirtæki til að kynna sína starfsemi. Því næst var ferðinni heitið í Þykkvabæinn þar sem nýtt hótél var skoðað, Hótél VOS. Að lokum var svo haldið á Hvolsvöll þar sem mikil uppbygging hefur verið í gangi og LAVA Centre og Midgard Base camp heimsótt. Mjög góð þátttaka var í ferðinni og mikil ánægja meðal fyrirtækjanna og gesta. Önnur ferð er fyrirhuguð í haust.

### Húsnæðismál

Framundan er að Markaðsstofan flytji sig milli rýma innan Fjölheima og verður ný skrifstofa í stofu 201 eða Vestrahorni. Byrjað er að undirbúa rýmið.

### Viðbótarkostnaður

Ræddar voru breytingar á kostnaði, t.d. á lífeyrissjóðsgjöldum sem og samningsbundnum launahækkunum. Gert var ráð fyrir þessum þáttum í áætlun fyrir árið 2017 fyrir fasta starfsmenn en ekki hjá verkefnastjórum DMP áætlana.

### Ýmis erindi og fundir

- Framkvæmdastjóri hélt **kynningu á Markaðsstofunni og south.is** fyrir starfsmenn LAVA Centre á Hvolsvelli.
- Fulltrúar MSS fóru á kynningu **Deloitte á tekjum Ríkis og sveitarfélaga af ferðaþjónustunni**.
- Ýmis erindi koma inn til MSS, m.a. varðandi teljara á ferðamannastöðum, salernismál, spurningakannanir og fleira.

## Verkefni framundan

### Áfangastaðaáætlanir DMP

- Kynningarfundur um verkefnið í Vestmannaeyjum framundan.
- Fundaröð með Kötlum jarðvangi um stefnumótun þeirra fyrir svæðið.
- Fundir með tengiliðum svæða og myndun vinnuhópa á hverju svæði.
- Verið að klára tímalínu verkefnisins og helstu vörður.

### Samstarf SASS

Áfram verður unnið að föstum verkefnum og í teymum. Framundan er tveggja daga ráðgjafavinnufundur þar sem farið verður yfir ýmis verkefni ásamt því að unnið verður með ráðgjafa um árangursríka teymisvinnu. Samráðsfundur verður haldinn í byrjun september og ýmislegt fleira framundan.

### MAS fundur á Suðurlandi

MAS hópur fundar næst 19.-20. júní hér á Suðurlandi og verður ráðgjafi frá Capacent sem er sérfræðingur um öflugna teymisvinnu fenginn inn á fundinn. Aðalumfjöllunarefni fundarins verða

heimasíðumál, útgáfumál (m.a. sameiginlegt útlit bæklings) og haustráðstefna MAS sem haldin verður 12. október.

### Útgáfa og miðlar

- Við **útgáfu landshlutabæklings** verður lögð áhersla á að spara kostnað og leita nýrra leiða til að vekja athygli gesta á að hægt sé að nálgast hann rafrænt. Uppröðun á innihaldi bæklings verður breytt þar sem miðað er við þrískiptingu svæðis.
- **Nýtt landshlutakort** fer að fara í prentun og er kortið sem MSS gefur út með auglýsingum. Þær munu standa að miklu leiti undir prentkostnaði.
- Unnið er stöðugt að fjölmiðlafyrirspurnum, samfélagsmiðlum, endurbótum á heimasíðu og fleiru. Stefnt er á að efla enn frekar sveitarfélagasíður og fara í breytingar á forsíðu. Þá er verið að vinna með hugmyndir um breytingar á gagnagrunni og viðburðadagatali.

### Markaðsáætlun MSS

Verið er að vinna að markaðsáætlun fyrir innra starf Markaðsstofunnar og einnig fyrir kynningarstarf á landshlutanum. Þorsteinn hefur verið að vinna hana ásamt því að vinna að hugmyndum sem miða að því að auka ávinning aðildarfyrirtækja Markaðsstofunnar. Hann mun kynna áætlunina á næsta fundi stjórnar í september.

### Endurnýjun samninga við sveitarfélög

Samningar eru í gildi við sveitarfélög út þetta ár og verða senda erindi til endurnýjunar í september/október. Málið verður rætt frekar á snertifundi stjórnar í september.

### Ýmis verkefni

- **Flytja** skrifstofuna í Fjölheimum fyrir sumarleyfi.
- Framkvæmdastjóri leggur til við stjórn að loka skrifstofu MSS frá 17. – 30. júlí vegna **sumarleyfa starfsmanna**. Það er samþykkt af stjórn.
- **VestNorden** verður haldið í Grænlandi í september og er undirbúningur fyrir sýninguna hafinn.
- Undirbúningur fyrir **FAM ferðir og kynningarferð** haustsins fyrir innlendar ferðaskrifstofur hefst í sumar.
- Vinna heldur áfram við **kjarnaveituverkefni** samkvæmt verkáætlun.

### Innheimta aðildargjalda

Ný gjaldskrá aðildargjalda var tekin upp hjá Markaðsstofunni árið 2015 og er nú kominn tími til að endurskoða hana. Stjórn samþykkir breytingar á flokkun og gjöldum.

**Aðildargjöld** – eftir breytingar:

Flokkur 1 - Velta að 30 milljónum  
Aðildargjöld kr. 40.000 + vsk á ári\*

Flokkur 2 - Velta 30-80 milljónir á ári  
Aðildargjöld kr. 60.000 + vsk á ári\*

Flokkur 3 - Velta 80 – 150 milljónir á ári  
Aðildargjöld kr. 90.000 + vsk á ári\*

Flokkur 4 - Velta 150 – 500 milljónir á ári  
Aðildargjöld kr. 120.000 + vsk á ári\*

Flokkur 5 – Velta yfir 500 milljónir á ári  
Aðildargjöld kr. 150.000 + vsk á ári\*

*\* Fyrir eina starfsstöð, sama heimilisfang*

Önnur mál

Engin önnur mál á dagskrá.